


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	Fatasaumur HÖTE2FA06	
Síða 1 af 2	Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	Sólveig Þóra Jónsdóttir sthj@vma.is	Sk.st.	SÓL
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn að taka líkamsmál og vinna með stærðartöflur, grunnsnið og sniðútfærslur. Hann lærir á saumavél og lögð er áhersla á saumtækni með ýmsum gerðum af prufusaumi. Kennt er að leggja snið rétt á efni og reikna út efnispörf. Saumaðar eru einfaldar flíkur. Nemandinn lærir um helstu vefjarefnin, eiginleika þeirra og vinnslu. Lögð er áhersla á að nemendur skilji vinnuferlið frá hugmynd að fullunninni flík og temji sér vönduð vinnubrögð við alla þætti ferlisins.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig líkamsmál eru tekin og borin saman við stærðartöflur
- uppbyggingu grunnsniða, heitum og útliti ólíkra sniðhluta
- þráðréttu og mikilvægi saummerkinga á sniðum
- hvernig efnispörf er reiknuð út frá sniðum
- notkun grunnsniða til að útfæra og sauma einfaldar flíkur
- hvernig sniðhlutar eru lagðir á efni eftir þráðréttu og saumför teiknuð inn á efnið
- saumtækni með prufusaumi, t.d. rennilás, hnappagöt og ýmsar gerðir af vösum
- heitum, eiginleikum og vinnslu vefjarefna t.d. ull, bómull, hör, silki, hálf- og algerviefnum
- mismunandi hráefnum og eiginleikum þeirra og framleiðsluferli hráefna úr trefjum í voðir

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka líkamsmál og skilja stærðartöflur
- útfæra einföld snið út frá grunnsniðum
- geta raða sniðhlutum á efni eftir þráðréttu
- teikna saumför, falda og aðrar merkingar á efni áður en klippt er
- nota saumavélar og þekkja notagildi stillinga, saumavélaforða og saumvélanála
- sauma einfaldar flíkur og saumtækniprufur
- greina á milli helstu vefnaðargerða
- lesa alþjóðlegar hráefnis-, innihalds- og meðferðarmerkingar á textíl


Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa úr stærðartöflum og aðlaga grunnsnið að mældum líkamsmálum
- nýta grunnsnið til að vinna einfaldar sniðbreytingar út frá eigin hugmyndum
- meta og nýta sér viðeigandi stillingar á saumavélum sem og fætur og nálar eftir efnum og saumtækniatriðum
- útskýra vinnuferlið frá hugmynd að fullunninni flík
- standa skil á vinnuskýrslu með teikningum og texta
- nýta sér orðaforða greinarinnar til að útskýra ferlið í samræðum og rituðum texta.
- meta hvaða textílefni hentar mismunandi flíkum eftir notagildi
- útskýra framleiðsluferli textílháefna

Leiðsagnarmat:

Við námsmat er horft m.a. til vinnulags og vandvirkni við alla þætti vinnuferilsins, vinnusemi, skipulag og vilji til sjálfstæðra vinnubragða eru mikilvæg atriði. Í lok annar skilar nemandi vinnuöppu og flíkum fullkláruðum til lokamats. **Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Fatasaumur HÖTE2FA06	Námsáætlun vorönn 2017

Námsgögn:

Saumahandbækur og tískublöð í G 11.

Ljósrit af verklýsingum fyrir prufur og efni fyrir vefjarefnafræði fá nemendur hjá kennara.

Nemendur þurfa að vera með möppu og plastvasa í A4


Áætlun um yfirferð:

Vika	Vinnuáætlun	Verkefni
2-3	Kynning og kennsla á tækjum og tólum sem tengjast fatagerð. Kennt að taka mál. Tískublöð skoðuð og lært að lesa úr máltöflum.	Prufa einfaldur utanávasi
4-5	Snið tekið upp úr blaði, kennt að leggja snið á efni, merkja fyrir saumföllum og sníða. Byrjað að sauma buxur.	Prufur: Vasi í saum, hliðarvasi og hnappagöt.
6	Buxur saumaðar og kláraðar.	Prufa: Rennilás í buxur.
7-9	Farið verður yfir grunnatrið vefjarefnafræða og nemendur vinna að gagnasafni sem byggir á tilraunum, glósum og verkefnum.	Brunaprufur, skrifleg verkefni, myndbönd
10-11	Flík/frjálst val nemanda. Snið tekið upp úr blaði, sniðið og saumað.	
12	Farið verður lítils háttar í hugmyndavinnu. Nemendur vinna að hugmyndum fyrir pils	Prufa: Hálsmál og handvegur á emalausum kjól.
13-14	Sniðteikning. Nemandi lærir að teikna grunn af pils í 1/4 útfærir eigin hugmynd í rétta stærð.	Bryddaðir vasar tvær útfærslur
15-16	Pils sniðið og saumað í léreft mátað á gínu. Breytingar skráðar ef einhverjar.	Bryddaður vasi með vasaloki
17	Verkefni kláruð. Kynning á verkefnum	
18-19	Frágangur þrif á vélum. Opið hús 4. maí kl:20-21:30	


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Vefjarefnafræði	Vinnubók í vefjarefnafræði	15%	
Vinnubók	9 prufur ásamt verklýsingum	20%	
Flík I	Fullkláraðar buxur	20%	
Flík II	Fullkláruð flík/ frjálst val	20%	
Sniðteikning	Hugmyndavinna, útfærsla á sniði, pils saumað í léreft	25%	
	Samtals:	100%	

Dagsetning: 05.01.17


Undirritun Kennara

05.01.2017


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils